

# JÓN LEIFS



Fjölskylda Jóns.  
Sitjandi frá vinstri: Þórey, Salóme, Páll og  
Jón. Standandi frá vinstri: Bjarni, Þorleifur  
og Ragnheiður, foreldrar Jóns.

Jón Leifs fæddist að Sólheimum í Austur-Húnavatnssýslu þann 1. maí 1899, en fluttist ári síðar með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur. Þar stundaði hann píanónám sem unglingur, og þrátt fyrir fátæklegt tónlistarlíf í höfuðstaðnum fann Jón snemma að hann ætti engra annara kosta völ en að helga líf sitt tónlistinni.

Haustið 1916 hélt Jón til Leipzig í fylgd tveggja samlanda sinna, Páls Ísólfssonar og Sigurðar Þórðarsonar. Þar fékk hann inngöngu í Tónlistarháskólann, og stundaði píanónám hjá Robert Teichmüller, hljómsveitarstjórn hjá Hermann Scherchen og Otto Lohse, og tónsmíðar hjá Paul Graener og Aladár Szendrei. Á námsárunum í Leipzig kynntist Jón ungum píanónema af gyðingaættum, Annie Riethof, sem sótti einnig tíma hjá Teichmüller. Þau felldu hugi saman, og eftir tveggja ára kynni gengu þau í hjónaband í júní 1921, nokkrum dögum eftir að Jón útskrifaðist úr Tónlistarskólanum.

Á þessum árum stefndi Jón á feril sem hljómsveitarstjóri og píanóleikari, og virðist ekki hafa haft í hyggju að einbeita sér að tónsmíðum. Það var ekki fyrr en ári eftir að hann útskrifaðist, eftir að hann hafði gert sér ljóst að stíl íslenskra þjóðlaga mætti nota sem grunn að listrænni tónsköpun, að Jón hófst handa við tónsmíðar af fullum krafti. Íslenskum þjóðlögum hafði fram að þessu verið líttill gaumur gefinn, ef frá er skilið brautryðjendaverk sr. Bjarna Þorsteinssonar, og í besta falli hafði þjóðlagaarfurinn orðið tónskáldum tilefni til að setja saman einfaldar hljómsetningar í síðrómantískum stíl. Í höndum Jóns urðu samstígar fimmundir tvísöngsins og tíð taktskipti rímnalaganna hins vegar efniviður í stærri tónsmíðar, þ. á m. símfónísk verk, og hafði slíkt ekki gerst áður í sögu íslenskrar tónlistar.



Annie og Jón í Leipzig vorið 1921.

EDDA  
ORATORIUM.

CHORUS. I. SKÖPUNIN. SOLI (etc.)

Ár var alda  
þar þeir byggð,  
vara sandr ne sær,  
ne svalar unnlr;  
Jörð fannak sva  
né uppháinn;  
sér var einungu,  
en grá hvergi.

Ór íma holdi  
var jörð of sköpuð,  
en ór heimum björg,  
hindun ór heusi  
ens hrifskalda jötuns,  
en ór svaita sær.

En ór hans bráum  
gerðu þifð regin  
klógarð manna sonum,  
en ór hans hella  
váru þau en harðbögu  
skj á all of sköpuð.

Sér heitir með mönnum,  
en aflegja með gobum,  
kalla vág vanlr,  
álheim jötunr,  
alfar lagastaf,  
kalla dverggar djúpan mar.

Jörð heitir með mönnum,  
en með alfum fald,  
kalla vega vanlr,  
ígren jötunr,  
alfar gróandi,  
kalla sur uppregin.

Hindun heitir með mönnum,  
en hlýrnir með gobum,  
kalla vindófná vanlr,  
upphelm jötunr,  
alfar fagarastf,  
dverggar drjúpannal.



Jón tvítugur að aldri, 1919.

II. Þáttur. Líf goðanna.

Heill dagr,  
Heilir dags synir,  
Heill nótt ok nýtt.  
Heilir heir,  
heilur ásynjur,  
heil sjá en fjölnýta fald.

Land er heilagt,  
er liggja sér  
ásum ok alfum sær;  
en í þrúðheimi  
skal þórr vera  
uns of rjúfaak regin.

Índlir heita  
þars Ellr of hefr  
sér of görva eall;  
Álfheim Frey  
sáru í M árdaga  
tívar at tannði.

Skokvabeikr heitir,  
en þar svalar knegu  
unnir glýmja yfir;  
þar Óðinn ok Sága  
drækta of alla daga  
glöð ór göllum kerum.

Þer er sun þrái,  
er þifð regin  
niðfri þokku eall;  
Valaskjalfr heitir,  
er vétti sær  
ásum í árdaga.

Þórr hefr Egge með árum  
ágarð at þrek varðan.

Þyðri betri  
þerrat meðr brautu at,  
en sé nauvit níkt;  
aubi þetra  
þykkir þat í ákunnun stað;  
níkt es válaðo vera.

Þeyjar orðum  
skylli manngi trúu,  
né þvfa kvæðr konu;  
á hverfanda hvéll  
váru þein hjerta sköpuð,  
brigt í þróst of lagðo.


# EDDA – ÓRATÓRÍA

Íslensk tónskáld höfðu ekki sýnt Eddukvæðum áhuga fyrr en Jón Leifs kom til sögunnar. Ekki er vitað um tónsetningu Eddukvæða fyrr en Jón samdi *Þrjú erindi úr Hávamálum op. 4* árið 1924. Aftur á móti sótti Richard Wagner í arf íslenskra fornbókmennta, bæði Eddukvæði og sögur, þegar hann samdi *Niflunga-hringinn*, óperuverk sem spannar fjögur kvöld. En nálgun Wagners var of fágúð og rómantísk til að falla að smekk Jóns Leifs sem kvaðst hafa samið mörg verka sinna, þeirra á meðal *Eddu-óratóríuna*, „sem andmæli gegn Wagner, er misskildi svo herfilega norrænt eðli og norræna listarfleifð“.

Fyrsta vísbendingin um að Jón hafi hugleitt stórt verk við texta Eddukvæða er bréf til Sigurðar Nordal árið 1928 þar sem hann biður um aðstoð við að koma textanum saman. Þá átti verkið aðeins að vera tónsetning á Völuspá, en það varð að endingu mun stærra í sniðum og hann leitaði fanga víða í Eddukvæðum og Snorra-Eddu. Þegar Jón gekk endanlega frá textahandritinu í maí 1933 var það 86 vélritaðar síður og skiptist í fjóra hluta: *Sköpun heimsins*, *Líf guðanna*, *Ragnarökr* og *Endurreisn*. Um það leyti sem Jón hóf að semja tónlistina lauk hann líka við smærra söngverk við Eddukvæði, *Ástarvísur úr Eddu fyrir söngrodd og píanó* (1931–32).



Jón Leifs á Þingvöllum 1945.



# RISAVAXIÐ MEISTARAVERK

Jón Leifs var ekki maður málamiðlana og hugmyndir hans um Eddu voru stórbrotnar í meira lagi. Hann hugsaði sér tröllaukinn flytjendahóp í verkinu, jafnvel tvær hljómsveitir og tvo kóra, og á textadrög sem varðveitt eru á handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hefur hann teiknað ævintýrlega uppstillingu flytjendanna á sviði. Í einni útfærslunni umlykur stærri kórinn hljómsveitina á þrjá vegu, hljómsveitin umlykur minni kór, sem aftur umlykur einsöngvara. Í fjórum hornum sviðsins eru staðsettir smærri hljóðfærahópar, málmbláasarar og slagverk af ýmsum toga.

Að endingu ákvað Jón að fara hófsamari leið í fyrstu tveimur *Edda-óratóríunum*. Í *Edda III*, sem hann samdi undir lok ævinnar, lét hann þó ekkert aftra sér frá því að semja sitt umfangsmesta verk, enda er þar lýst heimsendi. „Það er geysilegur partítúr, ég hef aldrei lent í öðru eins. Það er ómögulegt að lýsa svona atburðum nema með stórum hlutum,“ sagði Jón í útvarpsviðtali við Þorkel Sigurbjörnsson. Á sviðinu eru stór hljómsveit, slagverkshópur, blandaður kór og tveir einsöngvarar, mezzósópran og barítón; vinstra megin að baki áheyrenda er karlakór með tenóreinsöngvara, þremur básúnum, tveimur túbum og slagverki; hægra megin er kvennakór ásamt fjórum trompetum, pákum og slagverki. Fornlúðrar blása fyrir ofan sviðið en úti í sal hljómar nýjasta tækni; karlakórinn fær hlutverk Miðgarðsorms og syngur í „míkrófón, sem endurvarpar á fleiri hátalara úr öllum hornum salarins“.



# DRÆMAR VIÐTÖKUR Á SÖGUSINFÓNÍUNNI

**Stórungunblaðið**  
232. tbl. — Föstudagur 6. október 1954.

## Symfónía Jóns Leifs kölluð „djöflagangur“ og „afskræmi“

Ómíld gagnrýni eftir norræna útlarpónleika.

FYRIR NOKKRU var útlarpað norrænni tónlist um útlarpasíðvar Norðurlands. Þar voru flutt verk eftir Jón Nordal dr. Pál Jóhannsson, Helga Pálsson og Jón Leifs. — Symfónía Jóns Leifs hefir fengið hina verstu dóma í norskum blöðum. Einn gagnsrýnandi norskur segir að verkið sje sá mesti djöflagangur, sem hann hafi heyrð, en annar kallar verkið afskræmi. — Hér fara á eftir þýðingar á dómum tveggja norskra gagnsrýnenda. Klaus Egge segir á þessa leið í Aftenposten:

Aftenposten, 28. september 1950.

Norrænn tónlistadagur  
1. grein eftir Klaus Egge.

„ISLENSK hljómsveitarverk, sem leikin voru, voru Concerto grosso eftir Jón Nordal og „Symfóní“ eftir Jón Leifs. — Fyrra verkið hafði nokkra reisn, sem sjerjastaklega í síðari kaflanum varð mjög áhrifa mikil. Þó skorti á miltkæfta og sjerjleinni í framsetningu. — Þrá tónlistalega sjónarmátt tók það langt fram „Symfóníu“ Jóns Leifs, sem í fyrsta lagi var aðeins suite, þar sem hinir ein stöku kafar láta að breyða upp myndum af sögupersönum. — Kafarnir fimn voru nefndir: „Skarphjöllin“, „Guðrún Ósvífuradóttir“, „Egrett“ og „Börnódur“.“

Jón Leifs hrúgaði upp stóru hljómsveit, voru þar á meðal öll aláttahljóðfærri, að viðbættum trékyflum, sem stægð var í götlið, hömrum, sem óstæð 10 var í steini, saamt sex fornaldarlögum, sem leigðir höfðu verið frá safni í Kaupmannahöfn. Flutningur verksins tók 63 mínútur, en á fornaldarlögum var einungis leikið aðustu 3—4 mínúturnar, og þá einungis til að framléið nokkrar af fyrstu nótum tónstígens. Lögna tónarnir köfnuðu þó í öllum þeim hamaganá, sem hafði dandi yfir aliss tímang áður. Það er sá versti djöflagangur (Svígaste spektakkel), sem ég fyrir mitt leyti hef nokk- urstíuna heyrð eina hljómsveit framléiða í einu, og formleg uppbygging verksins var eina ómild og storkið hraun.

Finnisk hljómsveitarstjórnir Jussu Jalas stjórnaði leikhljómsveitinni og slapp lífandi.


Tónlist Jóns Leifs hlaut oft dræmar viðtökur meðan hann sjálfur lifði, bæði hér á landi og erlendis. Þegar *Sögusinfónían* var frumflutt í Helsinki haustið 1950 skrifaði til dæmis Klaus Egge að verkið væri „sá versti djöfulgangur sem ég fyrir mitt leyti hef nokkurntíma heyrð eina hljómsveit framléiða í einu, og formleg uppbygging verksins var eins og storkið hraun“. Annar gagnrýnandi sagði að sumir áheyrendur hefðu hrist höfuðið og brosað er verkinu lauk. Þegar þrír þættir úr *Eddu I* hljómuðu í fyrsta sinn í Kaupmannahöfn 1952 voru viðtökur einnig afleitar. Þegar dauft lófatakið hófst í hálfstómum tónleikasalnum stóð Jón á fætur með örvæntingarsvip og í stað þess að halda upp á svið og heilsa stjórnandanum hljóp hann rakleitt út á gang.

Jafnvel tónskáld með harðan skráp hlýtur að bugast að lokum og afleiðingar þessara viðburða má lesa skýrum stöfum í nótnahandritum Jóns. Í desember 1951 hafði hann dregið fram nótnapappírinn til að hefja smíði *Eddu II*, sem er í sex köflum. Um það leyti sem hann hélt til Kaupmannahafnar hafði hann lokið við 48 blaðsíður af fyrsta þætti sem er stórbrotin lýsing á Óðni hinum alræða. Þegar hátíðinni hafði verið slitið reyndi hann að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið, en kraftarnir dugðu aðeins til að semja tvær og hálf síðu. Jón lagði handritið til hliðar og það liðu tíu ár þar til hann tók þráðinn upp að nýju. Á blaðsíðu 51 stendur: „Hér byrjað aftur á tónsmíðinni 11. júlí 1962 í Bifröst, Borgarfirði.“



JÓN LEIFS  
Tónskáld mánaðarins

Jón Leifs er tónskáld útlarpans í febrúarmánuði, og á það vel við, þar sem hann er á sína stórbrotasta tónskáld Íslendinga og sjaldan farið trúðnar stóðir við samningu verka sinna!!!



Spegillinn  
NOV. 1950 KR. 5.-

Uthritið er eitt af tónum útlarpans sem tónverk hans er í verlið eitt af tónum, annað ávort afsteggjari og endalok löustíðnaðra menningarstrauma eða upphaf að endurteini þeirra og broska.  
Reykjavík, 23.10. 1950.  
Jón Leifs.



# Í ÞÝSKALANDI OG AFTUR HEIM



Jón Leifs um 1937.

Tónsmíðar Jóns nutu vaxandi vinsælda í Þýskalandi við upphaf fjórða áratugarins. Einfaldari þjóðlagaútsetningar hans voru sérlega vinsælar og *Rímnadanslög in op. 11* voru fyrsta verk hans sem gefið var út á hljómplötu. Árið 1933 komu út hjá forlaginu Kistner & Siegel í Leipzig öll þau tónverk sem Jón hafði samið fram að þeim tíma, og vöktu þau yfirleitt hrifningu gagnrýnenda. Á þessum árum fæddist einnig hugmyndin að stærsta verki Jóns, *Eddu-óratoríunum*, og hann lauk við fyrsta hluta verksins (*Sköpun heimsins*) árið 1939. Jón leit á tónlist sína sem tilraun til að endurreisa norræna listsköpun á grunni íslenskrar fornmenningar og hann ritaði bókina *Íslands künstlerische Anregung* (Listræn köllun Íslands), þar sem hann viðrar hugmyndir sínar um eiginleika og sérstöðu norrænnar menningar.

Þrátt fyrir valdatöku nasista hélt Jón áfram búsetu í Þýskalandi en tækifærum hans þar fór fækkandi eftir því sem nær dró heimsstyrjöldinni síðari. Meginorsökin var líklega sú að óvenjulegur tónsmíðastíll hans féll illa að liststefnu yfirvalda, auk þess sem Annie, eiginkona Jóns, var gyðingaættar. Jóni tókst að komast frá Þýskalandi til Svíþjóðar í febrúar 1944, ásamt eiginkonu sinni og tveimur dætrum.

Sumarið 1945 sneri hann aftur til Íslands og hóf að vinna að félagsmálum listamanna. Hann hafði áður átt þátt í stofnun Bandalags íslenskra listamanna en nú átti hann frumkvæðið að stofnun Tónskáldafélags Íslands og vann ótullega að verndun höfundarréttar á vegum STEFs, Samtaka tónskálda og eigenda flutningsréttar. Áratugurinn frá 1945–55 einkenndist af þungbærum áföllum í einkalífi Jóns; tvö hjónabönd fóru út um þúfur og dóttir hans drukknadi aðeins 17 ára gömul árið 1947.

Eftir að Jón kvæntist í þriðja sinn árið 1956, Þorbjörgu Möller, tók við hvert nýtt verkið á fætur öðru, meðal annars fjögur verk sem lýsa náttúrufyribærum á eftirminnilegan hátt: *Geysir*, *Hekla*, *Dettifoss* og *Hafís*. Undir lok ævinnar tók Jón líka aftur upp þráðinn varðandi *Eddu-óratoríuna* en honum entist ekki aldur til að ljúka þriðja verkinu, *Eddu III – Ragnarökr*.



Líf, Jón, Annie og Snót á Íslandi 1939.



Þorbjörg, Jón og Leifur.

# EDDU- ÓRATÓRÍAN Í FLUTNINGI

Jón Leifs lauk við *Edda I* í janúar 1939 og hófst þegar handa við að fá verkið flutt. Hann ritaði meðal annars bréf til sinfóníuhljómsveita í Þýskalandi, en þegar heimsstyrjöld braust út um haustið urðu þær vonir að engu. Hann falaðist líka eftir flutningi hjá Dönsku útvarpshljómsveitinni en þar var enginn áhugi á slíku verki. *Edda I* mátti því bíða lengi eftir því að heyrast. Tveir þættir voru fluttir í Kaupmannahöfn 1952 en Íslendingar fengu ekki smjörþefinn af henni fyrr en þrjátíu árum síðar þegar Pólyfónkórinn flutti þrjá kafla í Háskólabíói undir stjórn Ingólfs Guðbrandssonar. Það var síðan í október 2006 sem *Edda I* hljómaði í fyrsta sinn í heild í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Schola cantorum og einsöngvaranna Gunnars Guðbjörnssonar og Bjarna Thors Kristinssonar.

*Edda I* er ein merkasta tónsmíð íslenskrar tónlistarsögu. Þegar Jón setti taktstrikið aftan við raddskrána var óratórían lengsta, viðamesta og metnaðarfullsta tónverk sem nokkur Íslendingur hafði samið. Hún ber vott um ótrúlegan stórhug og dirfsku og er enn eitt dæmið um þann magnaða tónagaldur sem höfundurinn gat framið úr kaldhömruðum efniviði hinna íslensku þjóðlaga.



Jón á stjórnandapallinum um 1922.



Jón hljóðritar söng Oddis Sigurgeirssonar, sem kallaður var Oddur sterki af Skaganum. Ljósmynd: Willem van de Poll, 1934.

# VERK JÓNS LEIFS Á PLÖTUM

Verk Jóns Leifs hljómuðu fremur sjaldan meðan hann sjálfur lifði og þau rötuðu ekki oft á hljómplötur. Rímnadanslög hans voru hljóðrituð í Berlín 1931 en það var ekki fyrr en 1963 sem sínfónískt verk hans var gefið út á hljómplötu í fyrsta sinn í flutningi Sínfóníuhljómsveitar Íslands. Árið 1976 var *Sögusínfónían* gefin út á plötu undir stjórn Jussi Jalas, sem var tengdasonur Sibeliusar og hafði stjórnað frumflutningi verksins í Finnlandi. Sá flutningur var þó ekki gallalaus. Verkið var stytt um fimmtung til að komast fyrir á einni plötu, sem fékk takmarkaða dreifingu á heimsvísu.

Vatnaskil í dreifingu á verkum Jóns urðu árið 1994 þegar sænska plötuforlagið BIS gaf út fyrsta diskinn með verkum hans, píanótónlist í flutningi Arnar Magnússonar. Síðan hefur BIS gefið út 11 diska með tónlist Jóns, og eru tveir þeirra endurútgáfur á efni sem áður kom út hjá íslenska fyrirtækinu Smekkleysu. *Edda II* verður hljóðrituð fyrir BIS í aprílmánuði og standa vonir til þess að þegar upp er staðið muni útgáfan spanna heildarsafn verka Jóns.





# ÓFULLGERT ÆVISTARF – EDDA III

Vinnuherbergi Jóns eins og hann skildi við það í júlí 1968.



Jóni Leifs entist ekki aldur til að ljúka við þriðju *Eddu-órátórífuna*, þar sem heimsendi er lýst með miklum tilþrifum. Hann vann að verkinu nær sleitulaust árið 1967 en við læknisrannsókn í apríl 1968 fannst æxli sem ekki varð komist fyrir með aðgerð. Síðustu mánuðina sem Jón lifði var hann í stöðugu kapphlaupi við tímann og reyndi að festa á blað eins marga tóna og framast var unnt, samdi jafnvel á sjúkrahósti sinni á Landspítalanum dagana fyrir og eftir aðgerð. Jón lést á Landspítalanum í Reykjavík þann 30. júlí 1968.

Jón hafði lengi grunað að honum tækist ekki að ljúka við æviverk sitt. Jafnvel þegar hann var við það að hefja smíði fyrstu *Eddu-órátórífunnar* árið 1934 ritaði hann systur sinni: „Aðaláhyggja mín er sem sagt sú, að ég muni ekki fá lifað það, að ljúka þeim verkum, sem ég þarf að ljúka og enginn annar getur gert. Allt annað virðist mér aukaatriði í þeim samanburði.“

Í nóvember 1963 samdi Jón tvo stutta hljómsveitarkafla, *Fine I* og *Fine II*. Þeim fylgja þau fyrirmæli að þeir geti verið „endir á verki, sem ég kynni að deyja frá óloknu, – jafnvel í miðjum takti“. Þættirnir eru ólíkir að öllu yfirbragði, eins og Jón hafi viljað tryggja að hægt væri að ljúka flutningnum á viðeigandi hátt hvort sem kraftana þryti í kraftmiklum kafla eða ljóðrænum.

